

**Drög að númerakerfi fyrir námsbrautir og námsáfanga framhaldsskóla**

Ný lög fyrir framhaldsskóla nr. 92/2008 kalla á breytingar í skipulagi þar sem menntamálaráðuneyti mun eftirleiðis gefa út almennan hluta aðalnámskrár, en framhaldsskólar bera ábyrgð á gerð skólanámskrár. Skólarnir semja námsbrautarlýsingar og leggja fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar þetta fyrirkomulag gildir um allt nám á framhaldsskólástigi, jafnt starfsnám sem bóknám. Starfsgreinaráð verða til umsagnar um tillögur að námsbrautarlýsingum starfsnáms. Þegar ráðherra hefur staðfest námsbrautarlýsingu verður hún hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla.

Ofangreind atriði fela í sér að endurskoða þarf allar núgildandi námsbrautarlýsingar og allar áfangalýsingar framhaldsskólans. Jafnframt þarf að endurskoða númerakerfi námsbrauta og námsáfanga. Núverandi kerfi er löngu sprungið, bæði hvað varðar nafngiftir og eftirlit. Hagstofa Íslands hefur einnig ítrekað bent á vandamál núverandi kerfis við lögbundna gagnasöfnun.

Á vorönn 2009 hafa fundir verið haldnir með fulltrúum Hagstofunnar, Kvinnaskólans, Framhaldsskóla Mosfellsbæjar og Menntaskólans við Sund, þar sem ræddar hafa verið útfærslur á númerakerfi. Enn fremur hefur verið rætt við áfangastjóra Fjölbautaskóla Suðurlands og Borgarholtsskóla. Hér eru kynntar tillögur sem byggðar eru á þessum fundum.

Númerakerfi námsbrauta í framhaldsskóla

Númerakerfi Hagstofunnar verði notað þannig að hver námsbraut fái fjögurra stafa fastanúmer sem Hagstofan úthlutar. Það fastanúmer felur í sér jafnframt ákveðna flokkun. Námsbrautir sem byggja á námskrám sem eiga stoð í lögum fyrir framhaldsskóla nr. 80/1996 hafa hjá Hagstofunni fastanúmer sem byrja á 0. Ekki verður breyting á þeim heitum. Námsbrautir sem byggja á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 fá fastanúmer sem byrja á 1 og verður sameiginlegt fastanúmer Hagstofu og menntamálaráðuneytis. Heiti brauta í orðum er í höndum skóla.

Númerakerfi áfanga í framhaldsskólum

Númerakerfi áfanga samanstandi af 12 tölustöfum og bókstöfum. Ef skóli velur að nýta ekki stafasæti til röðunar er þar sett núll.

Áfangaheiti	Þrep	Aðgreining að vali skóla	fein.	Sérmerking	Fastanúmer
-------------	------	--------------------------	-------	------------	------------

- Fyrstu þrjú stafirnir eru áfangaskammstöfun að vali skóla.
- Næsti stafur er tölustafur (1,2,3 eða 4) sem segir til um það hæfniprep sem áfanginn tilheyrir
- Næsti stafur er til aðgreiningar og settur að vali skóla. Hann er bókstafur.
- Næstu tveir stafir segja til um fjölda framhaldsskólalæininga
- Næsti stafur er notaður til sérmerkingar og eru notaðir tölustafir og/eða bókstafir sem menntamálaráðuneytið skilgreinir. Í dag eru eftirfarandi skilgreiningar notaðar: H=hægferðaráfangi, F=fjarnámsáfangi, K-kvöldskólaáfangi, S=starfsbrautaráfangi, Á=ársáfangi og 9=áfangi á almennri braut. Skilgreiningarnar geta orðið fleiri í framtíðinni.
- Næstu fjórir stafir eru fastanúmer sem ráðuneyti gefur áfanganum þegar hann er settur inn í gagnagrunn. Þetta fastanúmer er í bókstöfum og er eins konar kennitala áfangans.

Dæmi um áfanganúmer fyrir fimm framhaldsskólalæininga stærðfræðiáfanga á öðru hæfniprepi sem hefur engar forkröfur á því þrepi og hefur enga sérmerkingu.

Áfanganúmer: STÆ-2-A-05-0-DAGF, en hér gæti skólinn notað vinnuheitið STÆ2A eða STÆ2A05

Ef margir stærðfræðiáfangar eru t.d. á 1. hæfniprepi eru þeir aðskiljanlegir með stafrófinu: STÆ1A, STÆ1B, STÆ1C, STÆ1D

Við mat á nemendum milli skóla nýtist fastanúmer áfanga til að nálgast áfangalýsingu og jafnvel kennsluáætlun.

Gera má ráð fyrir að svo langt númerakerfi hafi í för með sér breytt útlit prófskírteina en það er útfærsluatriði

seinni tíma.

Ljóst er að tveir framhaldsskólar munu næsta vetur nýta þessar tillögur í sínu tilraunastarfi. Samtímis verður reynt að meta notagildi þeirra. Skólastjórnendur eru beðnir um að kynna sér þessar tillögur og er velkomið að koma með athugasemdir.